

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1132
komudagur 21.3.2005

BÚNADARSAMBAND
SUDUR-ÞINGEYINGA



Auðnum, 18.3. 2005.

Til Landbúnaðarnefndar Alþingis
v. máls 61 á 31. löggjafarþingi.

Hér verður ekki tekin afstaða til þess hvort þörf er fyrir sérstaka verndaráætlun fyrir svæði, sem talin eru ósýkt af sauðfjárriðu en bent skal á að slík verndaráætlun er í raun þegar framkvæmd með banni við sölu fjár milli varnarsvæða og ýmsum fleiri ráðstöfunum, sem hér verða ekki raktar.

Einnig skal bent á að á fylgiskjali 1 með þingsályktunartillögunni hafa númer á sauðfjárveikivarnarhólfum brenglast. Upplýsingar á fylgiskjali 2 eiga því ekki við á þeim svæðum er bera tilgreind númer á fylgiskjali 1. Bæði skjölin verða þannig ónothæf vinnugögn.

f.h. BSSP

Jón Benediktsson.